

Viðbrögð gegn kynþáttafordómum

Öllum í skólasamfélaginu ber að vera á verði og bregðast við kynþáttafordómum og áreitni sem tengist þeim.

MÁLEFNI



MENNTUN



MISMUNUN



ALMENN MANNRÉTTINDI

ÞYNGDARSTIG



STIG 3

HÓPSTÆRÐ



4-50

TÍMI



120 MÍNÚTUR

Málefni	Menntun, mismunun og útlendingahatur, almenn mannréttindi
Þyngdarstig	Stig 3
Hópstærð	4–50
Tími	120 mínútur
Yfirlit	<p>Í þessu verkefni fer fram hlutverkaleikur og kannaður er alvarlegur atburður til að fá þátttakendur til að endurskoða skilning sinn á menningarmun. Einnig fara fram umræður og samin er greinargerð um:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Hversu erfitt getur reynst að setja sig inn í menningu annarra. • Kynþáttahatur, staðalmyndir og menningarmun. • Hvernig bregðast skuli við kynþáttafordómum í skólum og öðrum menntastofnunum.
Tengd réttindi	<ul style="list-style-type: none"> • Jöfnuður að virðingu og réttindum. • Rétturinn til að vera ekki mismunað. • Rétturinn til að vera frjáls hugsana sinna, sannfæringar og trúar.
Markmið	<ul style="list-style-type: none"> • Að vekja áhuga á mannréttindum og kynþáttafordómum. • Að þroska hæfileika til lýðræðislegrar þátttöku, samskipta og samvinnu. • Að efla ábyrgðartilfinningu, réttlætiskennd og samstöðu.
Efniviður og mannaflí	<ul style="list-style-type: none"> • Stór pappírblöð eða flettitöflublöð og merkipennar. • Fjórir sjálfboðaliðar í hlutverkaleik. • Hlutverkaspjald í „alvarlegu atviki“ og útskýringar fyrir leiðbeinanda, dreifiblað 1. • Stefna og leiðbeiningar skólans (eða viðkomandi félags) í málum sem tengjast kynþáttafordómum. • Ljósrit af dreifiblaði 2, „Nokkrar gagnlegar ábendingar ...“, einnig má skrifa ábendingarnar á stórt pappírblað eða glæru (valfrjálst). • Blöð og pennar.
Undirbúningur	<ul style="list-style-type: none"> • Skoðaðu alvarlega atvikið sem kynnt er á dreifiblaði 1 og lagaðu það að aðstæðum, ef þarf. • Veldu fjóra sjálfboðaliða og segðu þeim að undirbúa sýningu á örstuttum hlutverkaleik sem byggist á atburðinum.

Leiðbeiningar

Þetta verkefni er í tveimur hlutum: 1. hluti, umfjöllun: hvaða skilning leggjum við í hugtakið „kynþáttafordómur“?; 2. hluti, samantekt á reglum um viðbrögð við málum sem tengjast kynþáttafordómum í skóla (eða félagi eða samtökum).

I. hluti Umfjöllun: hvaða skilning leggjum við í við hugtakið „kynþáttafordómar“?

1. Byrjaðu verkefnið á hugarflugi um kynþáttafordóma. Þú gætir til dæmis fengið þátttakendur til að bregðast við kynþáttafordómum með því að segja brandara sem lýsir slíkum fordómum og biðja þá að segja álit sitt á honum. Skrifðu svör þeirra á stórt pappírsglaði eða flettitöflublaði.
2. Atburðir sem tengjast kynþáttafordómum og menningarlegum misskilningi gerast daglega. Haltu áfram og láttu þátttakendur tilgreina algeng atvik og hegðun sem þeir túlka sem kynþáttafordóma.
3. Snúðu þér nú að alvarlega atvikinu. Dreifðu pappír og pennum. Segðu þátttakendum að fylgjast með hlutverkaleiknum og skrifa hjá sér nokkur lykilorð sem lýsa viðbrögðum þeirra þegar hlé er gert á sýningunni. Láttu sjálfboðaliðana sýna hlutverkaleikinn.
4. Gerðu stutta samantekt á athugasemdum þátttakenda:
 - Hvað skrifuðu þátttakendur hjá sér í fyrsta hléinu? Hvað fékk þá til að komast að niðurstöðu?
 - Hvað skrifuðu þeir hjá sér í öðru hléinu? Hvað fékk þá til að komast að þeirri niðurstöðu?
 - Á hverju áttuðu þeir sig í lokin? Hvaða ályktanir höfðu þeir dregið?

2. hluti Drög að reglum um meðferð mála sem tengjast kynþáttafordómum í skóla (eða félagi).

1. Kynntu næsta lið, að semja drög að reglum fyrir skóla, klúbb eða samtök.
2. Láttu þátttakendur rifja stuttlega upp mismunandi hlutverk fólks í skólanum eða félaginu. Í skóla eru t.d. nemendur og kennarar, skólastjóri, ræstingafólk, bókaverðir, skólalíftjórar og skólaliðar, t.d. á leikvelli.
3. Láttu síðan þátttakendur skipta sér í fjögurra til fimm manna vinnuhópa til að fara yfir skyldur og ábyrgð ólíkra meðlima skólasamfélagsins í tengslum við kynþáttafordóma. Markmiðið er að gera drög að leiðbeiningum um það hvernig þetta fólk skuli bregðast við atvikum sem tengjast slíkum fordómum. Gefðu hópunum 30 mínútur til umræðna og til að undirbúa skýrslu þar sem aðalatriðin eru skráð á flettitöflublaði.
4. Kallaðu alla þátttakendur saman til að gera grein fyrir vinnu sinni. Leiðbeinandi ætti að taka saman yfirlit yfir atriðin sem hafa komið fram og biðja þátttakendur að bera þau saman við þær reglur eða leiðbeiningar sem þegar eru fyrir hendi í skólanum.
5. Nú skaltu hvetja hvern hóp til að útfæra betur eitthvert atriði (skref eða aðgerð). Dæmi: ef þörf er á almennri yfirlýsingu skólans um kynþáttafordóma og mismunun ætti einn hópur að fá það verkefni að semja hana. Hóparnir ættu einnig að ræða hvernig þeir hyggist kynna niðurstöður sínar á sameiginlega fundinum, til dæmis að nota ekki bara texta, heldur einnig myndir og úrklippur og beita líkamstjáningu til að lýsa betur skoðunum sínum.
6. Þegar allir eru komnir saman skaltu biðja hópana að greina frá niðurstöðum sínum og ræða hvernig hægt er að koma hugmyndunum í framkvæmd.

Samantekt og mat

Byrja ætti á því að fara yfir verkefnið sjálft og ræða síðan hvað þátttakendur lærðu af því og hvað þeir ættu að gera næst.

- Hversu algengir eru kynþáttafordómar í skólanum, félaginu og samfélaginu yfirleitt?
- Hvaða hópar verða verst úti? Hvers vegna? Urðu sömu hópar fyrir aðkasti fyrir tuttugu eða fimmtíu árum?

Lykildagsetning**21. mars**Alþjóðadagur um afnám
kynþáttamisréttis

- Hefur skilningur þátttakenda á kynþáttafordómum breyst við að taka þátt í þessu verkefni? Hvernig? Er hægt að nefna dæmi?
- Hver á að tryggja að atvik sem tengjast kynþáttafordómum komi ekki upp í skóla þátttakenda (eða félaginu)?
- Nú ætti að leiða aftur hugann að „alvarlega atvikinu“. Hvað hefðu kennararnir, faðir Abdallah og skólastjórinn átt að gera til að tryggja réttlát málalok?
- Mikilvægt er að hafa reglur um það hvernig bregðast skuli við kynþáttafordómum en væri ekki betra ef slíkar reglur væru óþarfar yfirleitt? Hvað er hægt og hvað á að gera til að ráðast að rótum kynþáttafordóma, bæði í skólum og í samfélaginu yfirleitt?

Ábendingar til leiðbeinanda

Hafa verður bakgrunn þátttakenda í huga og laga verkefnið að honum. Þátttakendur verða áhugasamari ef tekið er fyrir mál sem gæti komið upp meðal þeirra. En þá þarf leiðbeinandinn að vera viðbúinn þeim tilfinningahita sem það gæti haft í för með sér. Mikilvægt er að taka tillit til þátttakenda sem finnst sér hafa verið mismunað í skóla. Það gæti hentað betur að líta á mörg dæmi frá mörgum sjónarhornum í stað þess að einblína á eitt atvik eða mál. Með þeirri aðferð er hægt að taka mið af ólíkum valdatengslum; til dæmis afleiðingum kynþáttafordóma meðal jafningja (t.d. nemenda í skóla) og svo kynþáttafordóma af hálfu kennara eða skólastjóra.

Ef kalla á fram sterk viðbrögð í upphafi og nota kynþáttafordómum ætti að velja brandara sem beinist að hópi sem á sér ekki fulltrúa meðal þátttakenda. Í öllum löndum er hefð fyrir skrýtlum um aðrar þjóðir. Hægt væri að hefja umræðurnar á því að biðja þátttakendur að segja eina eða tvær skrýtlur. Svo mætti halda áfram og tala um hvað það er sem skilur kynþáttafordómum frá öðrum bröndurum. Eru til dæmis skrýtlur um Pakistana eða Tyrki þjóðabrandarar eða lýsa þær kynþáttafordómum? Síðan væri hægt að búa til skilgreiningu á því hvað felst í kynþáttafordómum eða atvikum sem tengjast kynþáttafordómum (sjá „nánari upplýsingar“ hér á eftir).

Hugsanlegt er að í 2. hluta, lið 4, verði niðurstöður ekki nógu hnitmiðaðar til að hægt sé að nota þær í næsta lið. Þá mætti nota dreifblaðið „Nokkrar gagnlegar ábendingar ...“ og hvetja hópana til að einbeita sér að fyrstu fjórum atriðunum.

Tilbrigði

Hægt er að breyta verkefninu þannig að fjallað sé um mál eins og einelti. Ef fjalla á um einelti er bent á verkefnið „Eigum við annarra kosta vö?“ á bls. 106, áður en reynt er að semja stefnu gegn einelti.

Tillögur um aðgerðir

Þátttakendur ættu að skoða málið reglulega, einu sinni eða tvisvar á ári. Endurskoða þarf reglur til að tryggja að þær þjóni í raun tilgangi sínum. Þegar breytingar verða í samfélaginu þarf einnig að breyta reglunum til að tryggja að þær henti nýjum aðstæðum.

Hópurinn kann að vilja skoða hvernig kynþáttafordómur geta komið við sögu í viðskiptaheiminum. Í verkefninu „Aðgengi að lyfjum“, á bls. 75, er fjallað um ýmis álitafni, þar á meðal kynþáttafordóma, sem voru til umræðu í máli ríkisstjórnar Suður-Afríku og framleiðenda alnæmislyfja árið 1990.

Hugmyndir um aðgerðir

Þátttakendur gætu haldið áfram að útfæra reglurnar í skóla sínum eða félagi og tryggja að þeim sé beitt.

Hópurinn gæti einnig komið sér í samband við verkefni gegn kynþáttafordómum í öðrum löndum. Sem dæmi má taka „Skólar án kynþáttafordóma“, áætlun sem unnið er eftir í Belgíu og gengur út á að minnst 60% af nemendum skólanna undirriti og haldi í heiðri sameiginlega yfirlýsingu gegn mismunun (www.schoolwithoutracism-europe.org).

Nánari upplýsingar

Skilgreiningar á kynþáttafordómum

Kynþáttafordómar, í venjulegum skilningi, taka til hegðunar, talsmáta eða athafna sem eru fólki ýmist í hag eða óhag eftir hörundslit þess, menningu eða þjóðerni. Lúmskir fordómar eru ekki síður skaðlegir en þeir sem blasa við.

Talað er um kerfislæga kynþáttafordóma þegar stofnanir veita fólki ekki viðunandi og faglega þjónustu vegna litarháttar, menningar eða þjóðernis. Slíka fordóma má merkja í athöfnum, viðhorfum og hegðun sem má rekja til óviljaverka vegna vanþekkingar, hugsunarleysis og staðalmynda sem eru þjóðernislegum minnihlutahópum í óhag. Atvik sem tengjast kynþáttafordómum og áreitni geta átt sér stað í öllum menntastofnunum, óháð því hversu margir nemendur af ólíkum uppruna eru þar.

Atvik sem tengist kynþáttafordómum er hvert það atvik sem fórnarlambið eða einhver annar telur sprottið af kynþáttafordómum.

Hvers konar atvik teljast tengd kynþáttafordómum?

Eftirfarandi er listi yfir atvik sem tengjast kynþáttafordómum.

Líkamleg áreitni: til hennar teljast augljós dæmi um ofbeldisfullar árásir eða líkamlega kúgun bæði barna og fullorðinna í minnihlutahópum, svo og „vægari“ tilvik sem geta leitt til alvarlegri kúgunar.

Áreitni í orðum: uppnefni sem beinast að minnihlutahópum og háð eða stríðni sem beinist að bakgrunni einstaklings eða menningu (t.d. tónlist, klæðnaði eða matarvenjum) eru líklega augljósustu dæmin. Dæmi eru um annars konar og óljósari svívirðingar þar sem í hlut eiga nemendur, kennarar eða aðrir fullorðnir, svo sem vanhugsaðar og meiðandi athugasemdir sem fela í sér kynþáttafordóma.

Tregða til samvinnu og virðingarleysis: líta má á tregðu starfsfólks í skóla- eða menntasamfélaginu til að vinna með eða virða nemendur, kennara, þjálfara, æskulýðsleiðtoga eða aðra sem tilheyra minnihlutahópum sem mál af þessu tagi ef sannað er að kynþáttafordómar liggja að baki eða ef „fórnarlambinu“ finnst slíkt vera raunin. Einnig getur virðingarleysi sprottið af vanþekkingu, til dæmis ef kennari eða þjálfari þekkir ekki menningarvenjur nemanda þannig að þeim sem fyrir því verður líður illa og finnst hann smánaður.

Önnur mál: kynþáttabrandarar og fordómafull orðanotkun, barmmerki, bolir og veggjakrot sem lýsir kynþáttafordómum, dreifing rita og veggspjalda með kynþáttafordómum, samtök kynþáttahatara eða fasista í skólasamfélaginu eða í grennd við það eða staðalmyndir fullorðinna sem gætu leitt til mismununar.

Ekki eru öll mál af þessu tagi svona augljós. Oft er erfiðast að koma upp um og leysa þau mál sem fara leynt. Mörg atvik eiga sér stað án vitundar kennara eða annarra fullorðinna. Því er mikilvægt að skólar komi sér upp aðferðum sem tryggja að allir meðlimir skólasamfélagsins séu á verði gagnvart slíkum málum og séu skyldugir til að tilkynna þau og bregðast við þeim.

Nokkrar gagnlegar ábendingar við stefnumótun gegn kynþáttafordómum

Ef ráðast á gegn áreitni og einelti sem rekja má til kynþáttafordóma þarf að þróa og innleiða heildarstefnu skólans eða stofnunarinnar. Mikilvægt er að aðferðir sem beitt er í slíkum málum samræmist almennum reglum og venjum skólans eða stofnunarinnar. Líta þarf á málin sem „sérstök en ekki einangruð“. Meðal þess sem þarf að hafa í huga er:

- Setja verður fram skýra stefnuýfirlýsingu þar sem kemur fram að hart verði tekið á öllum kynþáttafordómum.
- Skólinn ætti að gera skýra grein fyrir því ferli sem verður fylgt ef slíkt mál kemur upp.
- Heildarstefna skólans, þar á meðal aðferðir og viðbrögð og aðgerðir sem beitt er ef slíkt mál koma upp, verður að taka til allra sem tilheyra skólasamfélaginu: skólastjórnenda, starfsliðs (kennara og annarra starfsmanna), foreldra, nemenda og gesta.
- Koma verður skýrt fram að öllum í skólasamfélaginu ber að vera á verði og bregðast við kynþáttaáreitni og öðrum slíkum atvikum.
- Beita verður samræmdum aðferðum svo að allir sem hlut eiga að máli viti til hvers er ætlast af þeim.
- Bregðast skal við máli um leið og það kemur upp eða er tilkynnt.
- Allar aðgerðir í framhaldi af því verða að fara fram innan tiltekins tíma.

(Heimild: Northamptonshire County Council)

EFNI TIL DREIFINGAR**Alvarlegt atvik – Hlutverkaspjald**

Leikið af fingrum fram örstuttan hlutverkaleik sem lýsir eftirfarandi atviki. Hann á að vera í þremur stuttum þáttum eins og hér er lýst. Í hléunum biður leiðbeinandinn áhorfendur að skrifa hjá sér hugleiðingar um það sem gerist.

Fyrsti þáttur. Tveir kennarar ræða saman á kennarastofunni.

Undanfarna mánuði hefur töluvert borið á vasapjófnaði í skólanum. Enn einu sinni hafa peningar horfið. Skólastjórinn er ákveðinn í að komast til botns í þessu og fær kennarana í lið með sér til reyna að finna þjófinn. Abdallah, nemandi sem er ættaður frá Norður-Afríku, er grunaður um að eiga sök á síðasta þjófnaðinum að minnsta kosti.

Annar þáttur. Samtalið milli föður Abdallah og skólastjórans.

Skólastjórinn boðar föður Abdallah á fund. Fundinum lýkur með því að faðir Abdallah greiðir skólastjóranum alla upphæðina sem var stolið.

Þriðji þáttur. Kennararnir tveir eru aftur að spjalla saman á kennarastofunni.

Kennararnir líta á það sem sönnun fyrir sekt Abdallah að faðir hans skuli hafa borgað. Seinna fá þeir þó sönnun fyrir því að Abdallah var alsaklaus.

Alvarlegt atvik – útskýringar fyrir leiðbeinandann

Láttu sjálfboðaliðana flytja hlutverkaleikinn. Í hléunum skaltu skjóta inn spurningum og biðja áhorfendur að skrifa hjá sér nokkur lykilorð sem lýsa viðbrögðum þeirra á þessu stigi sýningarinnar.

Fyrsti þáttur: Undanfarna mánuði hefur töluvert borið á vasapjófnaði í skólanum. Enn einu sinni hafa peningar horfið. Skólastjórinn er ákveðinn í að komast til botns í þessu og fær kennarana í lið með sér til reyna að finna þjófinn. Abdallah, nemandi sem er ættaður frá Norður-Afríku, er grunaður um að eiga sök á síðasta þjófnaðinum að minnsta kosti.

Fyrsta hlé. Fyrsta spurning til áhorfenda: Ef þú værir skólastjórinn, hvað myndir þú gera?

Annar þáttur: Skólastjórinn boðar föður Abdallah á fund. Fundinum lýkur með því að faðir Abdallah greiðir skólastjóranum alla upphæðina sem var stolið.

Annað hlé. Önnur spurning til áhorfenda: Heldur þú að málið hafi verið farsælega leyst?

Þriðji þáttur: Kennararnir telja þetta sönnun þess að þjófurinn hafi í rauninni verið Abdallah. Seinna fá þeir þó að vita að Abdallah var alsaklaus.

Þriðja hlé. Þriðja spurning til áhorfenda: Hvað finnst þér núna?